Eftirfarandi bætist við á eftir 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/180/ESB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„58. **32010 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/60/ESB frá 30. ágúst 2010 um tilteknar undanþágur sem varða setningu fóðurjurtafræblanda, sem ætlaðar eru til notkunar við varðveislu náttúrulegs umhverfis, á markað (Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Texti stafl. a) í 1. gr. hljóði svo:

„Uppspretusvæði“ er svæði með þeirri tegund gróðurs sem er sérstaklega áhugaverður vegna varðveislu erfðaauðlinda plantna og sem er tilnefnt í samræmi við innlenda löggjöf.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/60/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2014

2014/EES/63/12

frá 16. maí 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2013 frá 23. október 2013 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar histamín í lagarafurðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2013 frá 23. október 2013 (Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 46).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2013 frá 23. október 2013 (Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 46).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1019/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 46.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2014

2014/EES/63/13

frá 16. maí 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1138/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanol, klórfenvinfos, dódín og vínklósólín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1138:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1138/2013 frá 8. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 307, 16.11.2013, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1138:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1138/2013 frá 8. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 307, 16.11.2013, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1138/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 307, 16.11.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2014

2014/EES/63/14

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að aðlaga þær að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB) og lið 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB):
„– **32013 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zv (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32013 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/60/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2014

2014/EES/63/15

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1017/2013 frá 23. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2013 frá 23. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1066/2013 frá 30. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1067/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin díoxín, díoxínlík PCB-efni og ódíoxínlík PCB-efni í lifur landdyra ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1069/2013 frá 30. október 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á natríumfosfötum (E 339) í náttúrulegar gamir fyrir pylsur ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/165/ESB frá 27. mars 2013 um tilvist eiturefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):
„– **32013 R 1067**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1067/2013 frá 30. október 2013 (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 56).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 43.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 49.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 56.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 61.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 12.

- „– **32013 R 1069**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1069/2013 frá 30. október 2013 (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 61).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):
- „– **32013 R 1018**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2013 frá 23. október 2013 (Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 43).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 78. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013):
- „79. **32013 R 1017**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1017/2013 frá 23. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 282, 24.10.2013, bls. 39).
80. **32013 R 1066**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1066/2013 frá 30. október 2013 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 49).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 14. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2012/154/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“:
- „15. **32013 H 0165**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/165/ESB frá 27. mars 2013 um tilvist eitrefnanna T-2 og HT-2 í korni og kornafurðum (Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1017/2013, (ESB) nr. 1018/2013, (ESB) nr. 1066/2013, (ESB) nr. 1067/2013 og (ESB) nr. 1069/2013 og tilmæla 2013/165/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2014

2014/EES/63/16

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar tiltekin matvælaaukefni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 59/2014 frá 23. janúar 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði — súlfítum (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
 - „– **32013 R 1274**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2013 frá 6. desember 2013 (Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 79),
 - **32014 R 0059**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 59/2014 frá 23. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2014, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
 - „– **32013 R 1274**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2013 frá 6. desember 2013 (Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 79).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1274/2013 og (ESB) nr. 59/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 79.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2014, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2014

2014/EES/63/17

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/647/ESB frá 8. nóvember 2013 um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 15. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/165/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„16. **32013 H 0647**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/647/ESB frá 8. nóvember 2013 um rannsóknir á innihaldi akrýlamíðs í matvælum (Stjtið. ESB L 301, 12.11.2013, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2013/647/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 301, 12.11.2013, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2014

2014/EES/63/18

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2013 frá 29. október 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið neómýsín ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2013 frá 29. október 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið mangankarbónat ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 1056:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2013 frá 29. október 2013 (Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 60),
- **32013 R 1057:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2013 frá 29. október 2013 (Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1056/2013 og (ESB) nr. 1057/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 288, 30.10.2013, bls. 63.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2014**

2014/EES/63/19

frá 16. maí 2014

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið díklasúríl ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1235**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2013 frá 2. desember 2013 (Stjtíð. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1235/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2014

2014/EES/63/20

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/196/ESB frá 24. apríl 2013 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15qb (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/715/ESB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0196**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/196/ESB frá 24. apríl 2013 (Stjtið. ESB L 113, 25.4.2013, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/196/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 113, 25.4.2013, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2014

2014/EES/63/21

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölrhinga, arómatískum vetniskolefnum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2009 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1272**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 (Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 69).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1272/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 69.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2014

2014/EES/63/22

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/121/ESB frá 7. mars 2013 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/477/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„3s. **32013 D 0121**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/121/ESB frá 7. mars 2013 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru (Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/121/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2014

2014/EES/63/23

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 681/2013 frá 17. júlí 2013 um breytingu á III. hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0681**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 681/2013 frá 17. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 195, 18.7.2013, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 681/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 18.7.2013, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2014

2014/EES/63/24

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014 frá 6. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 640/2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni bar breytt með:

- **32014 R 0004**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014 frá 6. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 36. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0004**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014 frá 6. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 4/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2014

2014/EES/63/25

frá 16. maí 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 fellur úr gildi tilskipun ráðsins 96/26/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1072/2009 falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 881/92 ⁽⁵⁾ og (EBE) nr. 3118/93 ⁽⁶⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/94/EB ⁽⁷⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 falla úr gildi reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 684/92 ⁽⁸⁾ og (EB) nr. 12/98 ⁽⁹⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 7) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 19. lið (tilskipun ráðsins 96/26/EB):

„19a. **32009 R 1071**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „í gjaldmiðlum EFTA-ríkja“ komi í stað orðanna „í gjaldmiðlum aðildarríkja, sem taka ekki þátt í þriðja áfanga Efnahags- og Myntbandalagsins“ og orðin „birt opinberlega í hverju EFTA-ríki“ komi í stað orðanna „birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins“ í 1. mgr. 7. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 124, 23.5.1996, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtíð. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtíð. EB L 279, 12.11.1993, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 5.

⁽⁸⁾ Stjtíð. EB L 74, 20.3.1992, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtíð. EB L 4, 8.1.1998, bls. 10.

- b) EFTA-ríkin skulu viðurkenna vottorð sem aðildarríki ESB gefa út í samræmi við 21. gr. reglugerðarinnar. Að því er slíka viðurkenningu varðar, skulu orðin „aðildarríki ESB, Ísland, Liechtenstein og Noregur“ koma í stað tilvísana í „aðildarríki“ í ákvæðum vottorðsins, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerðina.
- c) Bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna vottorð sem Ísland, Liechtenstein og Noregur gefa út í samræmi við reglugerðina, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í 7. viðbæti við þennan viðauka.
- d) Vottorð sem Ísland, Liechtenstein og Noregur gefa út skal samsvara fyrirmyndinni sem sett er fram í 7. viðbæti við þennan viðauka.
- e) Í stað tilvísunar í ákvörðun ráðsins 85/368/EBE í I. viðauka, komi tilvísun í tilmæli 2008/C 111/01 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun.“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 24e (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006):
„eins og henni var breytt með:
- **32009 R 1073:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 25. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/94/EB):
„25a. **32009 R 1072:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (endurútgæfin) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
- a) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. hljóði svo:
- „Ef um er að ræða flutninga frá samningsaðila til þriðja lands eða öfugt gildir reglugerðin ekki um þann hluta leiðarinnar innan yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem ferming eða afferming fer fram, nema samningsaðilar hafi samið um annað.“
- b) Ákvæði 3. mgr. 1. gr. hljóði svo:
- „Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ákvæði um flutninga frá EFTA-ríki til þriðja lands sem um getur í 2. mgr., sem mælt er fyrir um tvíhliða samningum sem EFTA-ríki hefur gert við þriðja land er heimila farmflytjendum með staðfestu í öðru samningsríki að ferma og afferma í samningsríki, annaðhvort samkvæmt tvíhliða leyfi eða fyrirkomulagi á afnámi hafta, að því tilskildu að meginreglan um bann við mismunun milli farmflytjenda Bandalagsins og farmflytjenda í EFTA-ríki sé virt.“
- c) EFTA-ríkin skulu viðurkenna Bandalagsleyfi og ökumannsvottorð sem aðildarríki ESB gefa út í samræmi við reglugerðina. Að því er slíka viðurkenningu varðar, komi orðin „Bandalagið og Ísland, Liechtenstein og Noregur“ í stað tilvísana í „Bandalagið“ og orðin „aðildarríki ESB og (eða) Ísland, Liechtenstein og Noregur“ komi í stað tilvísana í „aðildarríki“ í almennum ákvæðum Bandalagsleyfisins, sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, og í ökumannsvottorðið, sem sett eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.
- d) Bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna leyfi og ökumannsvottorð sem EFTA-ríki gefur út í samræmi við reglugerð þessa, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í b-hluta II. og III. viðauka í 2. viðbæti við þennan viðauka.
- e) Leyfi og ökumannsvottorð sem EFTA-ríki gefur út skulu vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 2. viðbæti við þennan viðauka.
- f) Orðin „í skilningi tilskipunar ráðsins 2003/109/EB frá 25. nóvember 2003 um ríkisborgara þriðju landa sem hafa stöðu einstaklinga með fasta búsetu“ og „í skilningi tilskipunar 2003/109/EB“ í stafl. b) í 1. mgr. 5. gr. og í 2. mgr. 5. gr. gilda ekki.
- g) Texti stafl. e) í 1. mgr. 9. gr. hljóði svo:
- „virðisaukaskatt (VSK) eða veltuskatt á flutningaþjónustu.“

h) Við aðstæður sem um getur í 10. gr.:

- Að því er varðar EFTA-ríkin komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ og orðin „fastanefnd EFTA“ í stað orðsins „ráðið“.
- Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki ESB eða Eftirlitsstofnun EFTA frá Íslandi, Liechtenstein eða Noregi um að samþykkja verndarráðstafanir, skal tafarlaust tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um það og láta henni í té allar viðeigandi upplýsingar.

Samráð skal, að beiðni samningsaðila, fara fram innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. Einnig er heimilt að óska eftir slíku samráði ef um er að ræða framlengingu verndarráðstafana.

Þegar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða Eftirlitsstofnun EFTA hafa samþykkt ákvörðun ber að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni þegar í stað þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar.

Telji eitthvert viðkomandi samningsríkja að verndarráðstafanirnar leiði til ójafnvægis milli réttinda og skuldbindinga samningsaðilanna, gildir 114. gr. að breyttu breytanda.“

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 32. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92):

